

## Fræðsluþættir frá Gedhjálp:

# Fordómar

Nokkrir lesendur hafa haft samband við okkur og sagt að við höfum ekki skrifað mikið um fordóma. Það er rétt, en við höfum verið að vona að þessir þættir, sem eru ætlaðir til að fræða fólk um ýmislegt er varðar geðheilbrigði gætu stuðlað að því að minnka fordóma — fordóma sem eru svo óhugnanlega miklir í okkar litla þjóðfélagi.

Þeir sem hafa þurft að leggjast inn á geðsjúkrahús hafa sagt: það var þungbært að vera veik, en að verða fyrir öllu þessu þekkingarleysi, eftir að bati var fenginn á veikindunum, það höldi ég ekki og t.d. voru margir sem umgengust mig eins og væri ég með smitsjúkdóm. Ungur maður sagði mér um daginn: Ég var settur inn í Kleppsspítala fyrir tveimur árum síðan, og var þar í þrjá mánuði, ég fyrirgef þeim það aldrei, því enn geng ég með Kleppsspítalastimpilinn á bakinu. Ég ræddi lengi við þennan unga mann, hann var viðsýnn og viðlesinn og hann hafði næmari tilfinningu fyrir því þjóðfélagi sem við lifum í, en margur annar er ég þekki.

Hvað skyldi almenningur vita um Keppsspítala? Heldur fólk virkilega að þar sé fólk í spennitreyjum, rimlar fyrir gluggum, fólk óskrandi, gangi um gólf frodufellandi, svona eins og sjá má í þeim ýktu kvikmyndum sem hafa verið sýndar í bíóum? Sumir halda að þeir sem þurfa á hjálp að halda frá Kleppsspítala séu lítið menntaðir og mestmegnis úr verkamannastétt, þetta er svo mikil vanþekking og forheimskan sem mest getur verið. Það er fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins sem þarf á hjálp að halda á þeim stað. Það er fólk með sömu vandamál sem leita eftir hjálp á Kleppsspítala og á Geddeild Landspítalans og Geddeild Borgarspítalans.

Já, vel á minnst, ég veit ekki betur en að við séum öll einn verkalýður — hvaða titlum sem við skreytum okkur annars með, talandi um fordóma.

Hafa þeir sem þurfa á geðheilbrigðisþjónustunni að halda, gert sér grein fyrir því að þeir eru ekki þeir einu sem þurfa að berjast við fordóma, hver kannast ekki við klikkuðu geðlæknana, og ég finn hvergi orð yfir hugmyndir fólks um sálfræðinga, þarna gætir svo mikilla fordóma í garð þessara manna, að það tekur engu tali, hvar hefur fólk fengið þessar hugmyndir! Í mínum augum er enginn efi hvaðan þær eru komnar, það er úr kvikmyndum. Ef einhver hefur aðrar hugmyndir varðandi þetta, þætti mér vænt um að heyra það, til þess eru þessir þættir meðal annars, að skiptast á skodunum.

Það er staðreynd að enginn býr við eins mikla fordóma og geðsjúklingar og fólk með geðræn vandamál. 1978 var gerð könnun um atvinnumál fatlaðra, þar kom meðal annars fram, þegar rætt var við starfsfólk um geðsjúklinga, að það taldi að þeir fengju oftast á sig orðið „Kleppari“ og svo var viðkvæðið mjög oft: Hann er svo klikkaður greyið, blessað fólk! Það hefur víst minnst gert að því að skilgreina sjálfst sig og sína hegðan. Annars fannst mér mjög gott hvernig maður sem átti við vandamál að stríða, sagði frá veru sinni á stórum vinnustað. Í kaffi- og matartímum var aðal umræðuefni starfsfólksins: Hver hefði verið fullur eða fyllstur — hver hefði sofð hjá hverjum og hvert ætti að fara að skemmta sér o.s.frv. Þessi maður tók ekki þátt í umræðunum en vildi heldur tala um myndlist, ljóðagerð eða pólitík. Hann var fljótt afskrifaður með orðunum: hann er svo skritinn greyið. Lengi væri hægt að skrifa um fordóma en ég læt þetta nægja. Gaman væri að heyra frá ykkur um þetta. En við skulum ekki gleyma að öll erum við Íslendingar, böum á mismunandi stöðum á landinu og vinnum hin ýmsu störf, en fyrst og fremst erum við manneskur, og á ekki að vera sama hvort um annað.

Bless, bless.

AP